

Skrá 5. Ljós og eldur í þjóðháttum og þjóðtrú

ÞJÓÐHÁTTASKRÁNING ÞJÓÐMINJASAFNSINS V.

Inngangsorð.

Þjóðháttaskrá sú, sem nú heldur úr hlaði, fjallar um ljós og eld. Ýmsar heimildir eru til um þetta efni en mikið skortir á að þar sé búið að fylla í allar eyður. Efnið er víðtækt og verður seint kannað svo með spurningum að eitt eða annað kunni ekki undan að falla. Mikilsvert er að heimildarmenn taki allt með sem þeir muna umfram það sem spurningarnar sjálfar gefa beint tilefni til. Þess er m.a. óskað að menn tíundi sem ítarlegast öll orð og orðtök er að efninu lúta þó að ekki sé innt eftir þeim við hverja einstaka spurningu.

Þjóðháttaskráningin þakkar öllum sem veitt hafa henni brautargengi og vonast enn eftir sömu greiðasemi og áður.

Heiti:

Heimili:

Fæðingardagur og ár:

Fæðingarstaður:

Nöfn og fæðingarstaðir foreldra:

Við hvaða sveit eða hérað eru svörin einkum miðuð?

A. LJÓS OG LJÓSATÍMI

1) Hvenær byrjaði ljósatími að hausti og hvenær endaði hann að vori yfirleitt? Muna menn vísur eða orðtök sem að því lúta eða ljósi yfirleitt? (sbr. t.d. "Angursemi ég á mér finn, oft í myrkri svörtu" osfrv. Og "Sá fær sjaldan lof, sem á ljósinu heldur").

2) Hvaða orðum var farið um byrjun ljósatíma ("Það er mál til komið að fara að bera ljós í hús" t.d.)?

B. LJÓSFÆRI

1) Hvaða ljósfæri voru notuð áður en steinolíulampar komu til sögunnar (lýsislampi, kola, kerti, trunkur, glóri o.s.frv.)?

2) Hvaða munur var á lýsislampa og kolu?

3) Átti lýsislampi fleiri nöfn (grútar- eða grottalampi t.d.)?

4) Hvað hétu einstakir hlutar lýsislampa (yfir- og undirlampi, nef, halda, stigabak, stigi, sigurnagli, krókur, tangi, stíll, skarjárn, skari osfrv.)?

5) Var gerð yfirlampa við það miðuð að sem sjaldnast þyrfti að gera að kveiknum?

6) Hvaða málmar voru notaðir í lýsislampa og kolu?

7) Voru til lýsislampar með tveimur eða fleiri lampanefjum?

8) Kunna menn að nafngreina lampa- eða kulusmiði? Greinið einnig frá því sem vitað er um sjálfa smíðina, mót, steypusand og annað sem þar að lýtur.

- 9) Var gangakola sérstakt ljósfæri?
- 10) Hvað kallaðist stakur, höldulaus undir- eða yfirlampi sem var í notkun?
- 11) Voru heimagerðir kertastjakar í notkun og hvað er um efni þeirra eða smíði að segja?
- 12) Hvernig ljósfæri voru trunkur og glóri?
- 13) Var visst ljósfæri fyrir hvert bæjarhús (lýsislampi í baðstofu, kola í fjósi o.s.frv.)?
- 14) Hvernig ljósfæri voru notuð í ferðalögum (kertakola fest í tjaldsúlur t.d.)?
- 15) Var kertakola nefnd annað, kertastingur t.d.?
- 16) Voru til ljósfæri (lampar) er ákváðu lengd kvöldvöku (vökulampar)?
- 17) Voru skeljar notaðar sem ljósfæri og þá á hvern hátt?
- 18) Hvenær hófst notkun steinolíulampa og hvað er að segja um viðhorf almennings eða einstaklinga til þeirra sem riðu á vaðið með þá nýbreytni?
- 19) Voru sérstök, heimagerð ljósfæri fyrir steinolíu notuð í fjós og útihús og hvað hétu þau (týrur, glóri, nóri t.d.)?
- 20) Hvernig var ljós borið milli fjóss og bæjar?

C. KVEIKIR

- 1) Hvaða efni var einkum notað í lampakveiki (fífa, vefjargarn, ljósagarn, lækjarslý eða annað)?
- 2) Var nokkurt mark tekið á því gagnvart veðri eða öðru ef fifuvöxtur var óvenju mikill?
- 3) Hvenær og hvernig var unnið að því að safna fífu (strokin af stöngum eða slitin upp)?
- 4) Var fífa notuð nema í kveiki (sængur eða kodda t.d.)?
- 5) Hvenær og hvernig var fífa tætt og snúin í kveiki?
- 6) Hugsaði viss heimilismaður um lýsingu og kveiki?
- 7) Hvað var það kallað ef lýsi draup úr kveiknum niður á gólf (ljósið skítur, lampinn drýpur t.d.)?
- 8) Hvað var það kallað ef ljósið reykti (lampinn ósar, reykir eða annað)?
- 9) Hvernig var kveikurinn færður fram í lampanefið og hvað var það kallað (að gera að eða annað)?
- 10) Hvernig var skarjárníð (stíllinn) látið liggja milli þess sem gert var að?

11) Var rennsli ljósmetis að ljósi stillt með skarjárninu, ef svo bar undir, t.d. á jólanótt?

12) Þótti vansmíði á lampa sem vakna þurfti til á jóla- eða nýársnótt?

D. LJÓSMETI

1) Hvaða feitartegundir voru einkum notaðar til ljósmetis (ljósmatar), (þorskalýsi, sellýsi, hrossafeiti, fuglagrútur o.s.frv.) og hvernig var geymslu þess háttað (geymt í köggum, í belgjum, mögum t.d.)?

2) Hafa menn heyrt sagnir um það að selsmjólk hafi verið notuð sem ljósmeti?

E. KERTASTEYPA

1) Voru vissir dagar, öðrum fremur, ætlaðir til kertasteypu (Þorláksmessa, þrettándinn t.d.)?

2) Hvaða aðferð var algengust við kertasteypu (steypt í strokki eða kertaformi)? (Var sagt form, formi eða formur?)

3) Hvernig var unnið að því að steypa strokkerti?

4) Hét prikið nokkuð sem rökin (kertin) voru látin hanga á (kertará t.d.)?

5) Hvaða efni var notað í rakið (ljósagarn, léreftsræma t.d.) og hvernig var gengið frá því (fléttað eða tvinnað)?

6) Var rakið vætt í bráðinni tólg áður en því var dýft ofan í strokkinn?

7) Hvað hét neðri endi strokkertis (staup, staupið t.d.) og hvað var við það gert?

8) Var dás sérstök gerð af kertum?

9) Fékk hver heimilismaður kertisstúf í aukaglaðning þegar kerti voru steyppt?

10) Var algengt að steypa kóngakerti handa kirkjum eða heimilum og hve margar gerðir voru til af þeim (þriggja kónga kerti, sex kónga kerti, tólf kónga kerti)?

11) Hvað nefndust tvö strokkerti sem steyppt voru í einu (kertylkkja, hjónakerti eða annað)?

12) Hvað nefndust þrjú sundurlaus strokkerti sem ætluð voru til gjafa (kertastaup eða annað)?

13) Í hvaða merkingu var orðið kertisskar notað?

14) Voru kertagjafir algengar milli bæja um jól?

15) Gáfu prestar eða kirkjuhaldarar jólakerti á heimili sóknarbarna og hvernig var þeim úthlutað?

16) Bötunuðu tólgarkerti til lýsingar við geymslu?

17) Hvað kallaðist logandi skar sem datt niður í kerti?

- 18) Var skinn sett undir ljóshjálma í kirkjum til að taka við tólg sem niður draup?
- 19) Hvað kölluðust skæri sem kertaskör voru klippt með (skarbítur, jósasöx eða annað)?
- 20) Þekktist skarbítur í annarri merkingu (t.d. óæðri meðhjálpari, hringjari í kirkju)?

F. ÞJÓÐTRÚ

- 1) Var ljós borið yfir barnsfylgju, í hvaða tilgangi og á hvern hátt?
- 2) Var barnsfylgjan brennd eða grafin niður við rekkjustokk móðurinnar?
- 3) Var höfð ótrú á því ef óvenju illa gekk að kveikja ljós?
- 4) Hvað var það kallað að anda hægt á ljós (að kvelja ljósið t.d.) og hvaða hegning lá við því?
- 5) Hvað boðaði það ef ljós drapst á jóla- eða nýársnótt og hafði það nokkra þýðingu ef ljós drapst á öðrum tímum?
- 6) Hvað boðaði það ef neisti hrökk úr skari?
- 7) Hvað boðaði það ef ljós blossaði (glossaði) upp?
- 8) Boðaði það nokkuð ef 3 ljós voru borin í hús eða 3 ljós voru kveikt í sama húsi?
- 9) Hafði það nokkra þýðingu ef hár manns eða föt sviðnuðu af ljósi eða eldi?
- 10) Var ljós látið loga til fagnaðar huldufólki á gamlárskvöld eða þrettánda og hvaða siðir voru tengdir því?
- 11) Leitaði fólk fréttu um vistferli eða forlög með því að brenna spýtu og sjá í hvaða átt hún sveigðist?
- 12) Hvað boðaði ljós í draumi?

G. ELDUR

- 1) Hvaða orða og orðtaka minnst menn er sýna viðhorf almennings til elds (eldhræddur, eldfljótur, að vera eins og eldibrandur, að vera eldausinn, að fara eins og logi yfir akur, eins og eldur í sinu. Eldurinn er ekkert leikfang, það verður aldrei of varlega farið með eldinn. Eyði bóndinn brennur búið hálf, eyði konan brennur búið allt, o.s.frv.)?

H. ELDSTÆÐI

- 1) Hvað hétu eldstæði í eldhúsum (hlóð, hlóðir, hlóðar)?
- 2) Var venjulegt að hafa tvö eða fleiri eldstæði í hverju eldhúsi og undir hvaða nöfnum gengu þau þá (matarhlóð, þvottahlóð, litunarhlóð, busluhlóð, bökunarhlóð t.d.)?
- 3) Hvað hét umhverfi hlóð (eldvarp t.d.) og hve mikill hluti eldhúss var þá eldvarp?
- 4) Hvernig voru hlóðir hlaðnar, úr hvaða efni, og hvað hétu einstakir hlutar þeirra (öskustó, öskuónn, hlóðahella, eldhella, eldstó, hlóðavik, hlóðasteinar, hlöð, hlöðusteinar o.s.frv.)?

- 5) Hvað hét op eldhellu eða hlóðahellu (óngat, gjóstugat, vindauga t.d.) og hvað er um gerð þess að segja?
- 6) Var algengt að hafa fisibelg við eldstó og hvernig var honum komið fyrir (hafður laus eða fastur eins og t.d. smiðjubilgur)?
- 7) Var gerður undirblástur að öllum eldstæðum, á hvern hátt, og átti hann annað nafn (undirgos t.d.)?
- 8) Hvað hét ytra op undirblásturs (undirgosauga t.d.)?
- 9) Hvernig var hlaðið fyrir öskustó, þar sem undirblástur var á eldhúsi, og hvað hét hella eða torfa sem við það var notuð (ónhella, ótorfa eða annað)?
- 10) Var sérstakur umbúnaður utan við undirblástur, hvað hét hann (skjól t.d.) og hvað var færsla hans kölluð (að skýla hjá t.d.)?
- 11) Hvað hét samsvarandi skjól á eldhússtrompi (vindskjól, andskjól t.d.)?
- 12) Hvað hét hreyfanlegt tréskjól á strompi (andskjól, rangskjól t.d.) og hvað hét stýri þess (vindstýri t.d.)?
- 13) Voru heimagerðar pottgrindur almennt í notkun, komu þær í stað hlóðasteina, hvernig var gerð þeirra og hvað kölluðust þær (þrífótur, treifótur t.d.)?
- 14) Var sérstök grind til að þurrka á fatnað við hlóðir, hvernig var smíði hennar háttáð og hvað hét hún (hlóðagrind t.d.)?
- 15) Var hór í hverju eldhúsi (eða annað í stað hans, hókrókar) og hvað hétu einstakir hlutar hans (hófótur, hósön, hókrókur o.s.frv.)?
- 16) Hvað hét eldhúsbiti sem hór var festur við (brandreið t.d.)?
- 17) Þekkest orðtakið: "Það logar upp um höldu og hó" eða annað svipað?
- 18) Hvað hét teinn sem skarað var með í eldinn (skörungur t.d.) og var hann smíðaður sérstaklega til þeirra nota?
- 19) Hvað kallaðst eldiviðarhrúga við hlóðir (eldiviðarbingur t.d.)?
- 20) Var sérstakt ílát til að bera í ösku úr eldhúsi og hvað hét það (öskutrog t.d.)?

I. ELDSMATUR OG FLEIRA

- 1) Hvað var eldsneyti almennt kallað (eldsmatur, eldiviður, eldsneyti o.s.frv.)?
- 2) Hvað var það nefnt að setja eldsneyti í eld (láta, setja undir t.d.)?
- 3) Hvað hét miðhluti elds í hlóðum (glóðarauga t.d.)?
- 4) Var talað um hreinan eld eða hreina glóð og hvað fólst í því?

- 5) Hvernig var háttað sambandi eldakonu við eldinn, talaði hún við hann eins og maður við mann og þá ýmist í vinsemd eða reiði ("Það liggur illa á þér núna, Rauður minn" t.d.)?
- 6) Var sérstakur umbúnaður á eldhúsum til að beina reyk að strompi?
- 7) Voru tveir strompar á eldhúsum og þá báðir opnir að jafnaði?
- 8) Hvað kallaðist reyksælt eldhús (kafeldhús, kaf- eða reykjarkrókur t.d.)?
- 9) Hvað kallaðist rjáfur eldhúss yfir hlóðum (rót eða annað)?
- 10) Lýsið nákvæmlega hvernig eldur var falinn í hlóðum.
- 11) Var algengt að þurrka fatnað á felhellu?
- 12) Hvernig skildi eldakona við falinn eld (krossaði yfir hann t.d. og bað bæ verndar)?
- 13) Hvernig var eldur lífgaður að morgni og hvað var verkið kallað (að taka upp eld, opna eld t.d.)?
- 14) Hvernig var bjargast ef eldur drapst áður en eldspýtur komu til sögunnar (sækja eld á næsta bæ, kveikja eld með stáli og tinnu t.d.)?
- 15) Hvernig var búið um eld í flutningi milli bæja og í hvaða íláti var hann borinn?
- 16) Þekkest orðtakið: "Það er ekki eins og þú sért eldinn að sækja" eða annað svipað?
- 17) Lýsið því hvernig eldur var sleginn með stáli og tinnu og hvernig tundur var búið til, ef sagnir lifa enn um það.
- 18) Lýsið viðhorfi manna til eldspýtna og eldspýtnakaupa er þeirra fór að verða völ, ef eitthvað er um það vitað?
- 19) Voru glóðarker algeng (innlend eða útlend) og til hvers voru þau helst notuð?
- 20) Þótti varhugavert að verma hendur við eld og hvaða orðum var um það farið (skammur er eldshiti t.d.)?

J. ÞJÓÐTRÚ

- 1) Var nokkuð gætt að sjávarföllum í sambandi við gerð undirblásturs og hlóða, stromp eða uppgerslu eldhúss?
- 2) Var því trúað að eldakonur væru misjafnlega eldsælar og hvað var um það sagt (ástsæl og eldsæl t.d.)?
- 3) Gat fylgja gests haft áhrif á eldinn og hvaða orðum var um það farið ("Það situr einhver í eldinum" t.d.)?
- 4) Hafði væntanleg veðurbreyting áhrif á eld (sbr. "Það er léttveður í eldinum")?

- 5) Var mönnum illa við ef mikið snarkaði eða brast í viði sem settur var í eld, hvers vegna, og hvað kallaðst sá viður (þinill, þinir, spátré, blóðselja t.d.)?
- 6) Var skipasmiðum illa við ef hátt lét í afhöggi frá iðju þeirra er það kom í eld?
- 7) Þekktist orðtakið : "Það verður sjaldan eldiviðardrjúgt sem brennt er hrafshreiðrinu" eða annað áþekkt?
- 8) Lét eldakonan fáein korn falla í eldinn um leið og hún sáði út á grautinn og í hvaða tilgangi var það gert?
- 9) Gætti eldakona þess alltaf vel að láta pott horfa rétt á hlóðum, og hvað lá við ef út af var brugðið?
- 10) Gat eldborið stál gert mengaða hluti heilbrigða (t.d. vatnsból, sem mús hafði fallið í)?
- 11) Hvað boðaði neisti sem hrökk fram úr hlóðum?
- 12) Horfði fólk í eld til að sjá þar forlög sín?
- 13) Hvað boðaði eldur í draumi?
- 14) Kysstu menn hóinn sér til heilsubótar og hvað var þá sagt ("Heill og sæll, hór minn" o.s.frv.)?
- 15) Voru nokkrir töfragripir, er vörnuðu bruna, geymdir í eldhúsi?
- 16) Var nokkurt mark tekið á því, gagnvart veðri eða örðu, hvernig reykt lagði frá eldhúsum?

AUKABLAÐ III.

1. Eyrnahríngar.

Frá fornu fari mun það hafa þekkt að menn bæru hringa í eyrum. Hér er óskað eftir fróðleik varðandi þennan sið.

1. Voru eyrnahríngar bornir jafnt af körlum sem konum og í hvaða tilgangi?
2. Úr hvaða efni voru eyrnahríngar smíðaðir?
3. Hvernig voru þeir festir í eyrun?
4. Báru menn þá til æviloka, tiltekinn tíma eða endrum og eins?

2. Skyrslur barna.

Börn gerðu sér að leik að búa til síur úr hrossanál eða öðrum efnum og höfðu við það mismunandi orð og aðferðir. Leitað er fróðleiks um þetta efni, gerð síunnar og meðferð og öll orð sem að því lúta (heiti efnis, síunnar sjálfrar, einstakra hluta hennar o.s.frv.).

AUKABLAÐ IV.

Sums staðar á Íslandi hafa verið riðnar eða brugðnar körfur úr víðitágum en í sumum héruðum mun þessi iðja vera óþekkt. Litlar heimildir eru til um þetta efni og því er þess óskað hér að menn skrái það sem þeim er um það kunnugt. Æskilegt er að geta gert sér grein fyrir útbreiðslu þessarar iðju eftir landshlutum og þá ekki síður verklöginu frá því að tágarnar voru

teknar og þar til karfan var fullsköpuð, enn fremur hvernig körfurnar voru að gerð og stærð og til hvers einkum notaðar. Kannast menn einnig við að fleira en körfur væri brugðið úr víðitágum, til dæmis skór og hattar? Öllum orðum og orðasamböndum sem einkum voru notuð á þessu verksviði þarf að halda skilmerkilega til haga.